



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 26. júní 2017

VEL2017050037

2.6.2

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
Reykjavík

***Tillögur að úthlutun „þvert á hverfi“ úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017.***

Á fundi velferðarráðs þann 22. júní 2017 voru lagðar fram að nýju tillögur að úthlutun „þvert á hverfi“ úr Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar fyrir árið 2017, sbr. lið nr. 6 úr fundargerð velferðarráðs frá 1. júní 2017.

Tillögurnar eru samþykktar með fjórum samhljóða atkvæðum.

Þetta er sent borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst,

Beðin Magnúsdóttir  
skrifstofustjóri



## Forvarnasjóður Reykjavíkur umsóknir 2017

Þvert á hverfi	Einstaklingur - Fyrirtæki - Stofnun	Heiti verkefnis	Sótt um kr:	Tillaga
1. þvert á hverfi	Sigurður Unnar Birgisson	Kvikmyndagerð og spuni	610.000	400.000
2. þvert á hverfi	Kvennaráðgjöfin	Námsferð á 17th Annual Family Justice Center Conference	310.000	0
3. þvert á hverfi	Anna Wojtyńska	Workshop series for Polish women and their children affected by domestic violence	2.800.000	788.000
4. þvert á hverfi	SÍBS	Líf og heilsa Reykvíkinga	1.000.000	0
5. þvert á hverfi	Helga Baldvinsd. Bjargardóttir	Ráðstefna um líðan og heilsu trans barna og ungmenna og barna sem falla ekki að hinu hefðbundna kynjakerfi	1.970.000	800.000
6. þvert á hverfi	Helga Birgisdóttir	Þú ert skapari og getur öllu breytt	500.000	500.000
7. þvert á hverfi	Hugarafi - Notendastýrð starfs	Geðfræðsla Hugarafis	1.970.000	600000
8. þvert á hverfi	Hannesarholt ses	Heilsuspjall	1.000.000	0
9. þvert á hverfi	Félag lesblindra á Íslandi	Áfram í nám er besta forvörnin	1.500.000	600000
10. þvert á hverfi	Saman hópurinn - félag um forvarnir	Ábyrgir foreldrar á Menningarnótt/allir saman á Menningarnótt	600.000	600000
11. þvert á hverfi	Ingileif Friðriksdóttir	Hinseginleikinn	9.200.000	200.000
12. þvert á hverfi	Þórdís Rúnarsdóttir	Gallabuxurnar - er eitthvað að þeim en ekki þér?	2.000.000	800.000
13. þvert á hverfi	Auður Axelsdóttir	Headspace	750.000	0
14. þvert á hverfi	Hildur Hólmfríður Pálsdóttir	Frá vöggu til grafar	300.000	0
15. þvert á hverfi	Pieta Ísland, félagsamtök	Undirbúningur opnunar Pietahúss	4.090.000	710.000
16. þvert á hverfi	List án landamæra, listaf., félag	Spunanámskeið Listar án landamæra og Improv Íslands	250.000	150.000
17. þvert á hverfi	Heimili og skóli-landss foreldr	SAFTfræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík 2017-2018	1.300.000	750.000
18. þvert á hverfi	Haukur Freyr Gylfason	Meta börn og fullorðnir félagsauð síns hverfis eins?	500.000	0
19. þvert á hverfi	Marloes Antje Robijn	Lestrarvínir	900.000	0
<b>Samtals 19 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 5.300.000</i>	<b>Samtals:</b>	<b>31.550.000</b>	<b>6.898.000</b>

Breiðholt	Heiti verkefnis	Sótt um kr.	Úthlutun:
1. Breiðholt	Íþróttafélagið Leiknir	1.000.000	647.000
2. Breiðholt	Dröfn Vilhjálmsdóttir	1.000.000	0
3. Breiðholt	Tónskóli Eddu Borg ehf	1.880.000	0
<b>Samtals 3 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 647.000.</i>	<b>3.880.000</b>	<b>647.000</b>
<b>Grafarvogur</b>			
<b>Samtals: 0 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 587.000.</i>	<b>Sótt um kr. 0</b>	<b>Úthlutun: 0</b>
<b>Kjalarnes</b>			
<b>Samtals 0 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 257.000.</i>	<b>Sótt um kr. 0</b>	<b>Úthlutun: 0</b>
<b>Árbær</b>			
<b>Samtals 0 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 457.000.</i>	<b>Sótt um kr. 0</b>	<b>Úthlutun: 0</b>
<b>Grafarh/Úlfarsárd.</b>			
1. Grafarholt/Úlfarsárd.	Arna Hrönn Aradóttir	1.296.000	367.000
<b>Samtals 1 umsókn</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 367.000.</i>	<b>1.296.000</b>	<b>367.000</b>
<b>Laugardalur</b>			
1. Laugardalur	Kolbrún Baldursdóttir	200.000	0
2. Laugardalur	Guðrún Helga Bjarnadóttir	204.000	180.000
3. Laugardalur	Hjalti Jón Sverrisson	550.000	367.000
<b>Samtals 3 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 547.000.</i>	<b>954.000</b>	<b>547.000</b>
<b>Háaleiti-Bústaðir</b>			
1. Háaleiti og Búst.	Haldóra Narfadóttir	300.000	300.000

2. Háaleiti og Búst.	Félagsmiðstöðin Tónabær	Forvarnarfræðsla fyrir unglinga	300.000	217.000
<b>Samtals 2 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 517.000.</i>	<b>Samt.</b>	<b>600.000</b>	<b>517.000</b>
<b>Hlíðar</b>		<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Sótt um kr.</b>	<b>Úthlutun:</b>
1. Hlíðar	Kristín Vala Erlendsdóttir	Að kynast hverfinu sínu	500.000	177.000
2. Hlíðar	Barnafestival, félagasamtök	Kátt á Klambra	700.000	250.000
<b>Samtals 2 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 427.000.</i>	<b>Samtals:</b>	<b>1.200.000</b>	<b>427.000</b>
<b>Miðborg</b>		<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Sótt um kr.</b>	<b>Úthlutun:</b>
1. Miðborg	Íbúasamtök Miðborgar	Heil brú í miðbænum - Ræðum, sköpum og leikum saman	500.000	387.000
2. Miðborg	Frú Laufey - félag um skaðam.	Réttindakort	200.000	0
3. Miðborg	Kolbrún Baldursdóttir	Ekki Meir	250.000	0
4. Miðborg	Menntaskólinn í Reykjavík	Betri líðan - meiri velgengni	500.000	0
5. Miðborg	Íbúasamtök Miðborgar	Gengið til góðs	450.000	0
<b>Samtals 5 umsóknir</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 387.000.</i>	<b>Samtals:</b>	<b>1.900.000</b>	<b>387.000</b>
<b>Vesturbær</b>		<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Sótt um kr.</b>	<b>Úthlutun:</b>
1. Vesturbær	Kolbrún Baldursdóttir	Ekki Meir	250.000	250.000
<b>Samtals 1 umsókn</b>	<i>Til úthlutunar 2017: kr. 547.000.</i>	<b>Samtals:</b>	<b>250.000</b>	<b>250.000</b>

65 umsóknir

#### Til úthlutunar úr Forvarnasjóði 2017

10.040.000

pvert á hverfi  
Hverfaráðin

6.898.000  
3.142.000

Samtals:

10.040.000





## Tillögur Samráðshóps um forvarnir um styrkveitingar Forvarnasjóðs Reykjavíkur 2017

Alls bárust 19 umsóknir um styrki til verkefna þvert á hverfi. Forvarnasjóðurinn hafði til ráðstöfunar 5.300.000.- kr. vegna verkefna þvert á hverfi, heildarupphæð þeirra verkefna sem sótt var um styrki til eru 31.550.000.- kr. Gerð er tillaga um styrkveitingar til 11 verkefna. Sjóðurinn fékk hins vegar til úthlutunar alls 6.898.000, þar sem ekki var sótt um styrki í öll hverfaráð.

Samráðshópurinn mat umsóknir og vann tillögur að úthlutun með hliðsjón af reglum þar að lútandi og gildandi Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar 2014 – 2019 með þeim áherslum sem þar eru settar fram. Helstu áherslurættir í Forvarnastefnunni eru; samfélag án ofbeldis, virkni og þátttaka, æska án vímuefna, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum.

### Verkefni: Kvikmyndagerð og spuni (nr. 1)

**Umsækjandi:** Sigurður Unnar Birgisson

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Sigurður Unnar Birgisson

**Samstarfsaðili:** Laura Durban

**Markmið:**

Að efla traust innan hópsins og skapa öruggt umhverfi þar sem mistök eru jafn sjálfsögð og tilraunir.

**Almennt um verkefnið:**

Markmið verkefnisins er að sameina kvikmyndagerð og spuna og kenna hópi ungs fólks aðferðir til að nálgast hvoru tveggja. Til að efla ungt fólk og fá það til að trú á hugarmátt sinn og andlegt atgerfi.

**Sótt er um:** 610.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

### Verkefni: Námsferð á 17th Annual Family Justice Center Conference (nr.2)

**Umsækjandi:** Kvinnaráðgjöfin

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Kvinnaráðgjöfin

**Samstarfsaðili:** Bjarkarhlíð

**Markmið:**

Að þjálf þá aðila frá Kvinnaráðgjöfinni sem munu veita lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð sérstaklega í forvörnum ofbeldis og starfi með þolendum.

**Almennt um verkefnið:**

Senda starfsmenn á námskeið sem er á vegum alþjóðlegra samtaka sem beinast að forvörnum gegn ofbeldi. Námskeiðið er á sviði löggæslu, lögfræði, hjúkrunar og fleiri sérsviða.

**Sótt er um:** 310.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

### Verkefni: Workshop series for Polish women and their children affected by domestic violence (nr.3)



**Umsækjandi:** Anna Wojtynska  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Jagoda Maria Optolowicz  
**Samstarfsaðili:** Magdalena Kowalska

**Markmið:**

Að efla pólskar konur á Íslandi sem verða fyrir heimilisofbeldi.

**Almennt um verkefnið:**

Verkefnið beinist að pólskum konum búsettum á Íslandi sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi. Lagt er upp með vinnuhópa/stuðningshópa (workshops) bæði fyrir konurnar og börn þeirra á sama tíma. Með því einnig að byggja upp félagslegt stuðningsnet í samvinnu við Bjarkarhlíð.

**Sótt er um:** 2.800.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 788.000 kr.

**Verkefni: Líf og heilsa Reykvíkinga (nr.4)**

**Umsækjandi:** SÍBS  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Stefanía G. Kristinsdóttir  
**Samstarfsaðili:** Hjartaheill

**Markmið:**

Að auka forvarnarstarf og stuðla að snemmbærri íhlutun gegn lífsstílsjúkdómum og minnka heilsufarsskaða. - Vekja fólk til vitundar um áhættuþætti og bjargráð vegna lífsstílstengdra sjúkdóma. - Vekja athygli á heilsueflandi starfi sveitarfélaga og tengdra aðila. - Ná til hóps sem fellur ekki undir önnur heilsueflandi verkefni. Snemmgreining hjá einum einstaklingi sem frestar alvarlegum sjúkdómi eða dauða um 10 ár er jafnvirði um 75 milljóna króna mælt í vergri landsframleiðslu á mann. Í hverri einustu mælingaferð SÍBS Líf og heilsa um landið finnast margir einstaklingar með verulegan háþrýsting, háar blóðfitur eða blóðsykur, þar sem hægt er að grípa inn í sjúkdómsferli áður en það er farið að valda verulegum heilsufarsskaða. Samhliða mælingunum er lögð fyrir spurningakönnun um lífsstílsþætti og heilsufarsþætti sem ásamt mælingunum gefa skýra mynd af áhrifaþáttum langtímaheilsu. Markmiðið er að mæla 1000 Reykvíkinga árið 2017.

**Almennt um verkefnið:**

Líf og heilsa er verkefni á vegum SÍBS og Hjartaheilla þar sem almenningi um allt land eru boðnar ókeypis heilsufarsmælingar. Í Reykjavík er verkefnið unnið í samstarfi við heilsueflandi hverfi og heilsugæslustöðvar. Verkefnið er hluti af fræðslu- og forvarnastarfi SÍBS með áherslu á hópa sem ekki þekkja blóðgildin sín. <https://sibs.is/lifogheilsa>

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Verkefni: Ráðstefna um líðan og heilsu trans barna og ungmenna og barna sem falla ekki að hinu hefðbundna kynjakerfi. (nr.5)**

**Umsækjandi:** Helga Baldvinsd. Bjargardóttir  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Helga Baldvinsd. Bjargardóttir  
**Samstarfsaðili:** Samtökin '78

**Markmið:**

Að miðla upplýsingum til fagfólks í heilbrigðiskerfinu og skólakerfinu og koma á samtali á milli trans barna og ungmenna, aðstandenda þeirra og þessa fagfólks. Þannig er hægt að bæta líðan og auka lýðheilsu einstaklinga sem eru í aukinni áhættu fyrir sjálfsvígum, einelti og öðru ofbeldi.

**Almennt um verkefnið:**





Styrkur til þess að halda ráðstefnu fyrir heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk skóla og aðstandendur trans fólks um líðan og heilsu trans barna og ungmenna og barna sem falla ekki að hinu hefðbundna kynjakerfi. Fenginn aðalfyrirlesari frá Bandaríkjunum sem hefur mikla sérþekkingu á þessu sviði.

**Sótt er um:** 1.970.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 1.000.000 kr.

### Verkefni: Þú ert skapari og getur öllu breytt! (nr.6)

**Umsækjandi:** Helga Birgisdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Helga Birgisdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

#### Markmið:

1. Styðja við heilbrigða sjálfsmynd og sköpunarkraft unglunga. 2. Fyrirbyggja kvíða, streitu og vanlíðan og koma þannig í veg fyrir sjálfskaða og sjúkdóma. 3. Skapa öruggt umhverfi fyrir spurningar og vangaveltur um lífið, tilveruna og tilgang sinn. 4. Kennd markmiðasetning og að finna drauma sína og fylgja þeim.

#### Almennt um verkefnið:

Þrjú 15 klst. (3 klst. í 5 skipti) námskeið fyrir 14-16 ára unglunga í sjálfsást/sjálfstyrkingu.

Fyrirlestrar með glærur, og áhersla á umræður og verkefni. Kenndar aðferðir til að upplifa aukinn kærleik, samkennd og gleði sem fyrirbyggir kvíða og streitu. Kennt að finna styrk sinn, drauma sína og að fylgja þeim.

**Sótt er um:** 500.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 500.000 kr.

### Verkefni: Geðfræðsla Hugarafis (nr.7)

**Umsækjandi:** Hugarafi - Notendastýrð Starfs

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Hugarafi - Notendastýrð Starfs

**Samstarfsaðili:** Enginn

#### Markmið:

a) Að fræða almenning um geðraskanir og andlega erfiðleika. b) Að berjast gegn fordómum gagnvart geðröskunum og andlegum erfiðleikum og benda á að það sé venjulegt fólk sem veikist. c) Að upplýsa um mikilvægi þess að það sé ekki bara ein leið til bata heldur fjölbreytt úrræði sem geta verið réttu verkfærin til að ná betri líðan. d) Að upplýsa ungt fólk að með því að takast á við vandann sem fyrst sé hægt að koma í veg fyrir frekari vanlíðan eða jafnvel erfiða geðröskun. e) Að gera fólki grein fyrir því hversu mikilvægt það er að dæma ekki aðra eða sjálfa/n sig of hart, m.t.t. neikvæðu sjálfstali og sjálfsskaða. f) Að hvetja ungt fólk til að leita í sitt nærumhverfi ef vanlíðan gerir vart við sig. g) Að hvetja ungt fólk til að láta sig varða um náungann ef um vanlíðan er að ræða og styðja samferðamenn sína til að leita sér hjálpar. h) Að tala um mikilvægi heilbrigðs lífarnis. i) Að efla leiðir kennara til að ræða geðheilbrigðismál til jafns við önnur heilbrigðismál í kennslu sinni. j) Að styrkja þá notendur sem í geðfræðsluhópnum eru að vinna í eigin bata að stíga sín fyrstu skref á ný út í vinnu eftir veikindi.

#### Almennt um verkefnið:

Farið er í grunn- og framhaldsskóla og frætt er um geðheilbrigði, sagt er frá reynslu fólks, bataferli og hvaða leiðir séu bestar til að stuðla að bættri andlegri líðan.

**Sótt er um:** 1.970.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 600.000 kr.



**Verkefni: Heilsuspjall.** (nr.8)

**Umsækjandi:** Hannesarholt ses.  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ragnheiður J Jónsdóttir  
**Samstarfsaðili:** Arnór Víkingsson

**Markmið:**

Að vekja almenning til umhugsunar um ýmis brýn málefni sem snerta heilsu og heilsuleysi. Vonast er til að með því að auka skilning og jafnt rökrænan sem tilfinningalegan áhuga á málefnum skapist hvati fyrir hinn almenna borgara til að vera virkari þátttakandi ekki bara í eigin heilsuefningu, heldur einnig fjölskyldunnar og jafnvel samfélagsins alls. Þessum markmiðum hyggjumst við ná með því að setja umræðuefnið þannig fram að það skiljist vel án sérfræðipækkingar og höfði bæði til rökhyggju og tilfinninga (hjartans) án þess að hallað sé á faglega umföllun.

**Almennt um verkefnið:**

Vönduð fræðsluerindi um lýðheilsu, studd aðferðum sagnalæknisfræðinnar. Með netvinnslu efnisins í stutta, áhugavekjandi þætti getur umfjöllunin náð til allra landsmanna.

**Sótt er um:** 1.000.000 kr.  
**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Verkefni: Áfram í nám er besta forvörnin** (nr.9)

**Umsækjandi:** Félag lesblindra á Íslandi  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Félag lesblindra á Íslandi  
**Samstarfsaðilar:** Enginn

**Markmið:**

Að efla lesblind ungmenni og aðstandendur þeirra til að takast á við nám, minnka líkur á brottfalli úr námi síðar, sem og að efla þann stuðning sem þeim stendur til boða. Þannig aukum við líkur á því að þau festist ekki í gildru fátæktar og/eða leiðist út í neikvæða hegðun s.s. afbrot eða vímuefni.

**Almennt um verkefnið:**

Sótt er um styrk til efla lesblind ungmenni í námi, efla sjálfsmynd þeirra og varna ótímabæru brottfalli úr námi. Verkefnið skiptist í 4 þætti. 1. Ráðstefna fyrir kennara og aðstandendur um námskviða og vanlíðan 2. Skólaheimsóknir 3. Námskeið um námstækni 4. Stuðningssíða um námstækni og hjálpartæki

**Sótt er um:** 1.500.000 kr.  
**Tillaga að upphæð:** 600.000 kr.

**Verkefni: Ábyrgir foreldrar á Menningarnótt / allir saman á Menningarnótt** (nr.10)

**Umsækjandi:** Saman hópurinn-fél um forvarnir  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Saman hópurinn-fél um forvarnir  
**Samstarfsaðili:** Reykjavíkurborg - Höfuðborgarstofa

**Markmið:**

Að benda foreldum á kosti þess að vera með börnum sínum og ungmennum, og að skilja þau ekki eftir eftirlitslaus fram á nótt í miðborginni. Viljum efla samtakamátt foreldra og hindra neikvæða hegðun ungmenna í miðbænum á þessari nótt.

**Almennt um verkefnið:**

Samán hópurinn vill í samvinnu við RVK borg, eins og fyrri ár senda út skýr skilaboð um að fjölskyldan skemmti sér saman og fari heim saman á Menningarnótt. Við munum gera það með auglýsingum í fjölmiðlum á flettiskiltum stæto etc.



Sótt er um: 600.000 kr.  
Tillaga að upphæð: 600.000 kr.

**Verkefni: Hinseginleikinn (nr.11)**

**Umsækjandi:** Ingileif Friðriksdóttir  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ingileif Friðriksdóttir  
**Samstarfsaðili:** María Rut Kristinsdóttir  
**Markmið:**

Með Snapchat-rás höfum við fært fræðsluvettvanginn úr hefðbundnu fyrirlestrarformi í gagnvirkt og aðgengilegt umhverfi, sem hentar ungmennum afar vel. Þar gefst færi á að spyrja spurninga og eiga í beinum samskiptum við þá sem eru með snappið hverju sinni sem auðveldar mörgum ungmennum að spyrja þeirra spurninga sem brenna á þeim. Eins og fram hefur komið í fréttum hafa ungmenni í ungmennaráði Reykjavíkur kallað eftir aukinni og bættri hinsegin fræðslu í grunnskólum borgarinnar á næstu árum og lýst því yfir að fræðslan sé stutt og ekki nægilega ítarleg eða fjölbreytt. Rannsóknir á lýðheilsu hinsegin ungmenna hafa sýnt fram á að ungt hinsegin fólk er líklegra til að upplifa kvíða, þunglyndi og aðra andlega kvilla sem geta haft alvarlegar og langvarandi afleiðingar og því teljum við afar mikilvægt í ljósi þessa að virk fræðsla og umræða sé í gangi hjá ungmennum um þessi málefni. Þannig höfum við reynt að fræða og veita börnum og unglingum fleiri hinsegin fyrirmyndir..

**Almennt um verkefnið:**

Fyrirlestrar í frístundamiðstöðvun Reykjavíkurborgar um hinseginleikann og svo handritagerð og myndskreyting á barnabók um hinseginleikann. Til viðbótar við daglegan rekstur Snapchat-rásar Hinseginleikans. Verulegur skortur er á að t.d hinsegin fjölskyldumynstur séu sýnileg í reynsluheimi barna hvort sem um ræðir í fræðsluefni eða afþreyingarefni.

Sótt er um: 9.200.000 kr.  
Tillaga að upphæð: 200.000 kr.

**Verkefni: Gallabuxurnar - er eitthvað að þeim en ekki þér? (nr.12)**

**Umsækjandi:** Þórdís Rúnarsdóttir  
**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ingileif Friðriksdóttir  
**Samstarfsaðili:** Enginn  
**Markmið:**

Lögð er áhersla á þrjú markmið: a) Uppbygging heilbrigðrar líkamsímyndar með áherslu á sátt (self-acceptance). b) Mótvægi við áhrif samfélagsmiðla (hvatning til uppreisnar gegn útlitspressunni). c) Auka samfélagslæsi unglunga og foreldra þeirra.

**Almennt um verkefnið:**

Um er að ræða fræðsluefni sem ætlað er að kenna aðferðir sem gagnast nemum á unglingastigi til að öðlast meira viðnám gegn skaðlegum áhrifum fjölmiðla (einkum samfélagsmiðla) á líkamsímynd og sjálfsmýnd. Einfalt og öflugt fræðsluefni, fræðsludagur, bæklingur og vefsíða sem einnig aðstoðar foreldra að taka á þessum málum heima fyrir.

Sótt er um: 2.000.000 kr.  
Tillaga að upphæð: 1.000.000 kr.



**Verkefni: Headspace (nr.13)**

**Umsækjandi:** Auður Axelsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Auður Axelsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:**

Markmiðið er að heimsækja "Headspace í Danmörku og fá öfluga kynningu á úrræðinu. Þekkja úrræðið og að skoða möguleika á að flytja það hingað heim. Aðalmarkmið heimsóknarinnar er að geta séð möguleika á að bæta úr brýnni þörf á þjónustu fyrir börn og ungmenni sem klárlega vantar hér á landi. Þessi hópur verður of mikið út undan í okkar samfélagi og brýnt að mæta börnum og ungmennum í samfélagi sem byggist á auknum hraða og kröfum sem getur verið erfitt að standa undir. Sjá heimasíðu Headspace: <http://www.headspace.dk/>

**Almennt um verkefnið:**

Að kynna mér úrræði í Danmörku, "Headspace" sem er ætlað börnum og ungmennum 12-24 ára mtt. að flytja þekkinguna til Íslands og kanna möguleika á að stofna sama úrræði hér á landi. Úrræðið tekur á móti börnum og ungmennum sem þurfa stuðning í daglegu lífi. Stuðningur byggir á samtali við sjálfboðaliða og ekkert erindi er of lítið eða of stórt. Tekið er á móti öllum sem einhverra hluta vegna þurfa samtal, t.d. ástarsorg, vanlíðan, slæm líðan í skóla og fleira og fleira. Veitt eru samtöl, eins mörg og þarf að kostnaðarlausu. Unnið er að því að vandamál barns eða ungmennis leysist og unnið með nánasta umhverfi t.d. fjölskyldu eða skólaumhverfi í að stuðla að bjargráðum barnsins/ungmennisins.

**Sótt er um:** 750.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Verkefni: Frá vöggju til grafar (14)**

**Umsækjandi:** Hildur Hólmfríður Pálsdóttir

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Hildur Hólmfríður Pálsdóttir

**Samstarfsaðili:** Enginn

**Markmið:**

Að forða unglingum frá því að prufa eiturylf.

**Almennt um verkefnið:**

Ég missti dóttur mína úr neyslu eiturylfja, 15 ára gamla. Vil segja okkar sögu og sýna svart á hvítu hvernig neysla getur endað

**Sótt er um:** 300.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 0 kr.

**Verkefni: Undirbúningur að opnun Pietahúss (nr.15)**

**Umsækjandi:** Pieta Ísland, félagasamtök

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Pieta Ísland, félagasamtök

**Samstarfsaðilar:** Enginn

**Markmið:**

Aðalmarkmið Pieta Íslands berjast gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og að fækka sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum á Íslandi. Óskastaðan er að allir sem eru í þörf fái þjónstu. Stefnt er að opnun Pietahúss á Íslandi til stuðla að fækkun sjálfsvíga á Íslandi og að auka forvarnir vegna sjálfsvígshættu og sjálfsskaða. Hér er því bæði um meðferðarúrræði að ræða og fræðslu til alls almennings. Ætlunin er ekki sú að leysa af núverandi úrræði, heldur að bæta við þjónustuna sem í boði er fyrir þennan hóp.

**Almennt um verkefnið:**



Pietahús er hjálparmiðstöð fyrir fólk í sjálfsvígshættu, fólk með sjálfsskaða og aðstandendur. Pietahús er að írskri fyrirmynd og hefur á síðasta áratug skilað miklum árangri í sjálfsvígsforvörnum á Írlandi. Pieta Ísland hyggst, með leyfi og aðstoð Pieta House á Írlandi, opna slíka þjónustu hér á landi. sjá síðu PietaHouse: [www.pieta.ie](http://www.pieta.ie) Úrræðið er ætlað fólk í sjálfsvígshugleiðingum og fólk með sjálfsskaðahegðun. Fyrsta viðtal er boðið innan 24 klukkustunda og boðið uppá 15 skipta meðferð í framhaldinu. Einnig er úrræðið fyrir aðstandendur sem vilja styðja sinn nánasta ættingja eða hafa misst ástvini v. sjálfsvígs. Undanfarna mánuði hefur stjórn Pieta unnið að því að hitta þá aðila sem þegar sinna málaflöknum s.s eins og Landspítalinn, BUGL, Rauði Krosinn og fleiri. Með öflugu samstarfi við þessa aðila og alla sem að málaflöknum koma verður unnið að því að ferli verði heildstætt ef einstaklingur/fjölskylda þarf að leita sér aðstoðar. Einnig er reiknað með náinni samvinnu aðila á milli til að tryggja að þjónustan verði sem best.

**Sótt er um:** 4.090.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 710.000 kr.

### Verkefni: Spunanámskeið Listar án landamæra og Improv Íslands (nr.16)

**Umsækjandi:** List án landamæra, listaf., fél

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Ragnheiður Maisól Sturludóttir

**Samstarfsaðili:** Improv Ísland

#### Markmið:

Að efla sjálfsmynd og sjálfsöryggi fólks með þroskahömlun, auka á þátttöku þeirra í menningarlífi Íslands og um leið kynna þeim fyrir leikhússpuna sem er orðinn gríðarlega vinsæll á Íslandi en enn hefur fólk með þroskahömlun ekki gefist kostur á að sækja námskeið. Annað markmið er að auka á sýnileika og sýna fram á getu fólks með þroskahömlun og til þess að ná sem mestum árangri þar munu þátttakendur fá að sýna á spunakvöldi Improv Íslands í Þjóðleikhúskjallaranum en Improv Ísland hópurinn hefur sýnt þar fyrir fullu húsi í meira en ár með vikulegar sýningar. Fólk með þroskahömlun þarf oftast en ekki að berjast fyrir réttindum sínum til að vera talin fullgildir meðlimir í samfélaginu sem hafa eitthvað fram að færa.

#### Almennt um verkefnið:

Spunanámskeið og sýning í leiklist fyrir fólk með þroskahömlun. Leiklistin er öflugt verkfæri til að auka á sjálfstraust og efla öryggi í framkomu. Þannig hefur verkefnið forvarnarlegt gildi með því að vinna á móti leiða og félagslegri einangrun og auka sýnileika fólks með þroskahömlun.

**Sótt er um:** 250.000 kr.

**Tillaga að upphæð:** 150.000 kr.

### Verkefni: SAFTfræðsla fyrir 6. bekki í Reykjavík 2017-2018 (nr.17)

**Umsækjandi:** Heimili og skóli-landss foreldr

**Tengiliður/ábyrgðarmaður:** Heimili og skóli-landss foreldr

**Samstarfsaðili:** Enginn

#### Markmið:

Fræðslan er fyrir börn á aldrinum 10 - 11 ára en rannsóknir sýna að á þessum aldri er netnotkun orðin hluti af þeirra daglega lífi. Mörg börn eiga snjallsíma sem býður þeim upp á að vera nettengd allan sólarhringinn alla daga vikunnar auk þess sem félagslíf barna fer að stórum hluta fram á netinu. Mörg börn eru þ.a.l. ekki nógu vel upplýst um ýmsar hættur sem steðja að þeim. Má þar helst nefna tælingu, óvarlegar myndbirtingar, rafrænt einelti og netfíkn svo fátt eitt sé nefnt. Í fræðsluerindinu er farið yfir einkenni tælingarmála og hvað beri að varast í samskiptum við ókunnuga á netinu, hvað sé hægt að gera ef grunur vaknar um tilraun til tælingar og hvert sé



hægt að leita. Eins fá börnin fræðslu um alvarleika rafræns eineltis og óvarlegra samskipta og myndbirtinga á netinu, farið verður yfir slæm áhrif ofnotkunar á tölvum og neti auk þess sem hvatt er til jákvæðrar og ábyrgrar netnotkunar.

**Almennt um verkefnið:**

Verkefnastjórar Heimilis og skóla og SAFT hyggjast halda 40. mínútna langa fyrirlestra fyrir hvern og einn 6. bekk í Reykjavík skólaárið 2017-2018 um jákvæða og örugga netnotkun. Fræðslan er lifandi og hvatt er til þátttöku nemenda. Stuðst er við stutt myndbönd sem að lýsa ýmsum klemmum sem komið geta upp með óvarlegri netnotkun. Í lok fræðsluerindanna fær hvert barn Ekkert hatur tattú auk þess sem hver bekkur fyrir sig fær Ekkert hatur veggspjald til að hengja upp í sinni stofu. Eins fá kennarar ítarefni á borð við bæklingana Börn og miðlalæsi og Örugg og ábyrg farsímanotkun auk Tímarits Heimilis og skóla þar sem ýmis heilræði fyrir uppalendur er að finna.

Sótt er um: 1.300.000 kr

Tillaga að upphæð: 750.000 kr.

**Verkefni: Meta börn og fullorðnir félagsauð síns hverfis eins? (nr.18)**

Umsækjandi: Haukur Freyr Gylfason

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Haukur Freyr Gylfason

Samstarfsaðili: Enginn

**Markmið:**

Rannsóknir hafa sýnt að hverfaskiptur félagsauður hefur áhrif á hvernig börnum og unglíngum farnast þegar kemur að heilsu og líðan. Með því að stuðla að auknum félagsauði í hverfi er mögulega hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á heilsu barna við það að líða skort. Það sama gildir fyrir fullorðna og aldraða þar sem hverfaskiptur félagsauður skiptir miklu fyrir betri heilsu. Þetta gerir hverfaskiptan félagsauð svo verðmætan. En til að vita hvar þarf að bregðast við þarf að vera hægt að mæla félagsauð í hverfum á réttmætan hátt.

**Almennt um verkefnið:**

Verkefnið er að kanna hvort börn og fullorðnir meta félagsauð síns hverfis eins. Ef slík er raunin myndi það auðvelda allt mat á áhrifum félagsauðs á heilsu fullorðinna, en með því að stuðla að auknum félagsauði er mögulega hægt að draga úr neikvæðum áhrifum á heilsu þeirra sem líða skort. Sótt er um fyrir tölfræðiúrvinnslu til að geta aðlagð 4 spurningakannanir þannig að hægt verði að vinna þær sem eitt gagnasafn og bera saman upplifun barna annars vegar af félagsauði í sínu nærumhverfi og fullorðinna hins vegar.

Sótt er um: 500.000 kr

Tillaga að upphæð: 0 kr.

**Verkefni: Lestrarvinir (nr.19)**

Umsækjandi: Marloes Antje Robijn

Tengiliður/ábyrgðarmaður: Marloes Antje Robijn

Samstarfsaðili: Borgarbókasafn Reykjavíkur

**Markmið:**

Örva málþroska og ánægju af lestri og bókum.

**Almennt um verkefnið:**

Upplstur fyrir börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Verkefnið fer bæði fram á Borgarbókasafninu en einnig á heimili fólks.

Sótt er um: 900.000 kr

Tillaga að upphæð: 0 kr.